

Nd.

259. Breytingartillögur

[147. mál]

um frv. til l. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „14 daga fyrirvara“ í 1. og 2. másl. 4. mgr. komi: 21 daga fyrirvara.
 - b. 6. mgr. orðist svo:

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.
 - c. Við 10. mgr. bætist: og 7. mgr.
 - d. Í 11. mgr. á eftir orðunum „6. mgr.“ komi: og 7. mgr.
 - e. 13. mgr. hljóði svo:

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.
2. Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981.